

SAMKOMULAG

vegna flýtingar framkvæmda v. SN1 vegna mögulegrar uppbyggingar raforkuinnviða í Sveitarfélaginu Vogum

Landsnet hf., kt. 580804 2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Sveitarfélagið Vogar, kt. 670269-2649, Iðndal 2, 190 Vogar, eru aðilar þessa samkomulags.

1. gr.

Landsnet hefur, í samvinnu við sveitarfélögin á línuleiðinni, unnið að styrkingu flutningskerfis raforku á Suðurnesjum. Verkefnið felst m.a. í byggingu Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu, frá Hamranesi í Hafnarfirði að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði. Með tilkomu Suðurnesjalínu 2, Reykjaneslínu 1 og tengivirkis á Njarðvíkurheiði verður flutningskerfið sveigjanlegra í rekstri og afhendingaröryggi á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu eykst til muna.

Sveitarfélagið Vogar hefur talið að Suðurnesjalína 2, ætti að fara í jörð, norðan Reykjanesbrautar, m.a. vegna sjónrænna áhrifa og vegna jarðvár.

Sveitarfélagið Vogar hefur í aðalskipulagi sínu ákveðið að stuðla að atvinnuuppbyggingu til að renna styrkari stöðum undir byggð í sveitarfélaginu. Hefur sveitarfélagið skilgreint svæði til atvinnustarfsemi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni. Stærst þessara svæða, um 100 ha., er við Keilisnes í landi jarðarinnar Flekkuvíkur á Vatnsleysuströnd.

Með uppbyggingu raforkuinnviða á Suðurnesjum, sem tekur mið af sjónarmiðum aðila, skapast tækifæri til uppbyggingar, atvinnuþróunar og orkuskipta m.a. innan Sveitarfélagsins Voga.

2. gr.

Sveitarfélagið Vogar leggur áherslu á að unnt sé að mæta þeim þörfum sem byggðar- og atvinnuuppbygging innan sveitarfélagsins kann að kalla eftir m.a. m.t.t. afhendingar raforku úr flutningskerfinu.

Landsnet telur að Suðurnesjalína 1, 132 kV, sé sá kostur innan flutningskerfisins á Suðurnesjum sem nýta mætti til slíkrar uppbyggingar innan sveitarfélagsins, kalli uppbygging og aukin raforkunotkun eftir því.

Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að aukin raforkunotkun og afhending innan sveitarfélagsins, með atvinnu- og byggðaðróun, skapi tækifæri á endurnýjun Suðurnesjalínu 1 eða til breytinga á henni sem 132 kV jarðstrengs

Með samkomulagi þessu verður framkvæmdum við fyrsta áfanga slíkrar uppbyggingar flýtt og Suðurnesjalína 1 strax lögð í jörð að hluta. Skapar það möguleika til framtíðar að leggja 132 kV jarðstreng áfram, sem hluta af Suðurnesjalínu 1, sem gæti legið með fram Vatnsleysustrandarvegi eða Reykjanesbraut.

3. gr.

Eftir að framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu, lýkur og í beinu framhaldi af því að hún er komin í rekstur í flutningskerfinu, til undirbúnings hugsanlegri styrkingu 132 kV flutningskerfis og nýjum tengingum við raforkunotendur innan Sveitarfélagsins Voga, eru aðilar sammála um að hluti Suðurnesjalínu 1, 132 kV, verði strax lagður sem jarðstrengur.

Um er að ræða færslu Suðurnesjalínu 1 að Reykjanesbraut á kafla sem verður um 5 km langur í austurátt frá Grindavíkurvegi að Vogaafleggjara, háð frekari greiningu og útfærslu við hönnun, í samkomulagi þessu einnig nefnt „1. áfangi verkefnisins“, sjá meðfylgjandi uppdrátt.

Verður Suðurnesjalína 1, loftlína, tekin niður á framangreindum kafla og lögð í jörð. Suðurnesjalína 1, loftlínan, verður tekin niður um leið og jarðstrengurinn er kominn í rekstur.

4. gr.

Aðilar munu hefja undirbúning verkefnisins þegar eftir undirritun samkomulags þessa. Aðilar munu fyrir sitt leyti kappkosta að unnt verði að hefja framkvæmdir við 1. áfanga verkefnisins eigi síðar en Suðurnesjalína 2 er komin í rekstur. Munu aðilar hafa með sér samráð um þessa þætti.

Verkefnið er háð, eða kann að vera háð, leyfum eða samþykki opinberra aðila og munu aðilar sækja um slíkar heimildir eftir því sem við á auk þess sem afla verður heimilda vegna landnotkunar.

Forsenda fyrir Verkefninu er að Suðurnesjalína 2 verði komin í rekstur þannig að ekki verði um skerðingu á afhendingaröryggi raforku til Suðurnesja að ræða vegna þess. Þá er einnig forsenda fyrir Verkefninu að öll tilskilin leyfi og heimildir vegna þess fái.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að leggja beri Suðurnesjalínu 1 í jörðu í sveitarfélaginu, sem 132 kV jarðstreng sem fyrst og taka jafnframt niður núverandi loftlínu. Náist samningar við stórnotanda, sem tengist flutningskerfinu beint, um uppbyggingu á Keilisnesi, mun Landsnet breyta Suðurnesjalínu 1 þannig að hún tengist inn á Keilisnes með jarðstreng og hluti af loftlínu Suðurnesjalínu 1 tekinn niður. Í samkomulagi þessu er þessi þáttur nefndur „2. áfangi verkefnisins“.

Náist ekki samningar við stórnotanda um uppbyggingu á Keilisnesi, innan 20 ára frá undirritun samkomulags þessa mun Landsnet eigi að síður hefja undirbúning endurnýjunar Suðurnesjalínu 1 sem 132 kV jarðstreng og taka í kjölfarið niður núverandi Suðurnesjalínu 1, innan marka sveitarfélagsins, með það að markmiði að línan verði komin í jörðu innan 5 ára frá þeim tíma.

Verkefnið er háð, eða kann að vera háð, leyfum eða samþykki opinberra aðila og munu aðilar sækja um slíkar heimildir eftir því sem við á auk þess sem afla verður heimilda

vegna landnotkunar. Þá gerir Landsnet þann fyrirvara að þá séu ekki til staðar óviðráðanleg atvik (force majeure), s.s. af völdum mikilla náttúruhamfara eða mikilla og óvanalegra erfiðleika í efnahagslífinu.

6. gr.

Landsnet mun greiða allan framkvæmdakostnað sem af öllum áföngum verkefnis hlýst. Að öðru leyti ber hvor aðili um sig þann kostnað sem hann hefur af Verkefninu.

7. gr.

Rísi upp ágreiningur milli aðila um framkvæmd samkomulags þessa skulu þeir leita allra leiða í góðri trú til að jafna hann, en ella skal slíkum ágreiningi skotið til héraðsdóms Reykjavíkur til úrlausnar.

8. gr.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Allar breytingar á samkomulaginu skulu gerðar skriflega og staðfestar af báðum aðilum.


Vogum, 30. júní 2023

F.h. Landsnets hf.


F.h. Sveitarfélagsins Voga



Vottan:



1. áfangi verkefnis: Suðurnesjalína 1 í jarðstreng á um 5 km kafla meðfram Reykjanesbraut



Suðurnesjalína 1 í jarðstreng á um 5km kafla (SN1 loftlína fer niður milli gulu punktanna)

VOGUM, 30.6.2023

614